



Forvarnarstefna

Sveitarfélagsins Voga



Efnisyfirlit

Forvarnarstefna sveitarfélagsins Voga	4
Inngangur	4
Forvarnarstefna sveitarfélagsins Voga	4
Aðilar að forvarnarstefnu Voga	6
Hlutverk skóla í Vogum	6
Heilsuleikskólinn Suðurvellir	6
Stóru-Vogaskóli	7
Hlutverk félagsþjónustu	8
Hlutverk foreldrafélaga	8
Hlutverk frístunda- og menningarsviðs	9
Íþróttá- og æskulýðsfélög	10
Lögreglan	10

Forvarnarstefna sveitarfélagsins Voga

Starfshópur um forvarnarstefnu sveitarfélagsins var skipaður í upphafi árs 2014. Formaður hópsins er Stefán Arinbjarnarson frístunda- og menningarfulltrúi. Meðlimir hópsins eru María Hermannsdóttir leikskólastjóri, Svava Bogadóttir skólastjóri Stóru-Vogaskóla, Helga Jóhanna Oddsdóttir mannauðsráðgjafi og Kristín Þyrí Þorsteinsdóttir félagsmálastjóri. Hópurinn vann að mestu í fjarvinnu og skiluðu skólastjórar inn stefnum sinna stofnana og félagsmálastjóri lagði til það efni sem unnið hafði verið innan félagsþjónustunnar. Formaður og mannauðsráðgjafi settu stefnuna svo saman og samræmdu.

Inngangur

Forvarnir eru mikilvægur þáttur í velferð íbúa sveitarfélagsins og eru í stöðugri þróun. Stefnan sem hér fer á eftir lýsir þeim áherslum sem stjórnendur sveitarfélagsins starfa samkvæmt og í góðu samstarfi við þá aðila sem koma að starfi með börnum og ungmennum. Foreldrar gegna lykillhlutverki í forvörnum og því er lögð áhersla á að efla þá í hlutverki sínu. Hvert svið bæjarfélagsins, stofnanir eða félagasamtök sem innan þess starfa, setja sér stefnu í forvörnum sem samræmast skal þessari forvarnarstefnu sveitarfélagsins Voga. Þar skal einnig koma fram hvernig framkvæmdinni er háttað.

Leiðarljós: Að skapa öllum börnum og ungmennum uppeldisaðstæður og umhverfi sem eflir sjálfstraust þeirra og sjálfsmynd, einkennist af samkennd og býr yfir viðeigandi stuðningsúrræðum þegar þörf krefur.

Forvarnarstefna sveitarfélagsins Voga

Markmiðið með forvarnarstefnu Voga er að auka áherslu á þá þætti sem stuðla að betri andlegri og líkamlegri líðan og heilsu, byggja upp sterka og jákvæða sjálfsmynd barna og ungmenna og hámarka möguleika hvers einstaklings til þroska og vaxtar.

Fjölskyldan, skólinn og skipulegt félags- og tómstundastarf skiptir meginmáli í uppvexti ungs fólks. Styrkur fjölskyldunnar og öflugt samstarf við skóla og félagsstarf eykur þátttöku barna og ungmenna, styður við samverustundir og getur ráðið úrslitum í því að bæjja frá óæskilegum áhrifum sem leitt geta til áhættuhegðunar barna og unglinga.

Sýnt hefur verið fram á að líkur á vímuefnaneyslu minnka eftir því sem sjálfsmynd barna og ungmenna er sterkari, og ekki síður ef tengsl barna og foreldra eru góð og samverustundir fjölskyldunnar fleiri. Einnig hefur skipulögð íþrótt- og tómstundastarfsemi jákvæð áhrif á lífsstíl ungmenna og framtíðar möguleika þeirra.



Markmið með forvarnarstefnu

- ▶ Að auka markvisst forvarnarstarf og samstarf þeirra aðila sem hafa með málefni barna að gera
- ▶ Að allir sem koma að uppeldisstarfi séu meðvitaðir um ábyrgð sína og leggi áherslu á að vera góðar fyrirmyndir
- ▶ Að tryggja þátttöku heimila og foreldra sem gegna lykilhlutverki við forvarnir og auka fræðslu til þeirra um hlutverk og ábyrgð fjölskyldunnar
- ▶ Að stuðla að fjölskylduvænu samfélagi sem setur menntun og velferð barna og ungmenna í forgang og hvetur til aukinnar samveru fjölskyldunnar
- ▶ Að bæta aðbúnað og umhverfi barna og unglinga
- ▶ Að fagfólk sé ávallt vakandi fyrir því að greina börn sem þurfa sérstaka aðstoð og finna úrræði við hæfi
- ▶ Að leggja áherslu á uppbyggingu jákvæðrar og sterkrar sjálfsmyndar barna og ungmenna
- ▶ Að huga sérstaklega að forvörnum sem beinast gegn áhættu- og sjálfsskaðandi hegðun
- ▶ Að öll börn njóti náms, íþrótta- og tómstunda við hæfi
- ▶ Að auka öryggi og stuðla að jákvæðu, heilbrigðu og uppbyggjandi samfélagi

Það gerum við með því að:

- ▶ Að efla uppeldis- og forvarnarhlutverk íþróttafélaga og annarra félaga sem starfa með börnum og unglingum og tryggja starfsfólki fræðslu við hæfi
- ▶ Að tryggja að foreldrafélög geti tekið markvissan þátt í vinnu að forvörnum, s.s. með fræðslufundum, samstarfsfundum og foreldrarölti
- ▶ Að gera forvarnir að föstum og reglulegum þætti í starfsemi félaga og stofnana sem hafa með málefni barna og unglinga að gera í bæjarfélaginu með því að þessir aðilar setji sér forvarnaráætlun
- ▶ Að styðja vel við starfsemi félagasamtaka sem sinna fjölskyldu-, barna- og unglिंगastarfi
- ▶ Að efla enn frekar fræðslu til starfsfólks sveitarfélagsins um skyldur þess og ábyrgð í starfi sínu með börnum
- ▶ Að auka samstarf aðila sem koma að uppeldi barna og ungmenna og skapa samráðsvettvang þessara aðila

Frístunda og menningarfulltrúi hefur yfirumsjón og eftirlit með framkvæmd forvarnarstefnunnar. Árangur forvarnarstarfs skal metinn árlega af forvarnarhópi. Sá hópur er samsettur af einum aðila frá þeim stofnunum og félögum sem að forvarnarstefnunni standa ásamt formanni frístunda og menningarnefndar.



Aðilar að forvarnarstefnu Voga

Þeir aðilar sem koma að mótun og framkvæmd forvarnarstefnu sveitarfélagsins eru leik- og grunnskóli, félagsþjónusta, frístunda- og menningarvið, foreldrafélög, íþrótt- og æskulýðsfélög. Að auki er gott samstarf við lögreglu og aðra sem koma að starfi með börnum og unglingum.

Ofangreindir aðilar skulu starfa samkvæmt forvarnarstefnu sveitarfélagsins og móta árlegar verkáætlanir í forvörnum.

Hlutverk skóla í Vogum

Bæði leik- og grunnskóli gegna lykilhlutverki við framkvæmd forvarnarstefnu sveitarfélagsins. Þeirra hlutverk er ekki síst að veita foreldrum samráðsvettvang og fræðslu, í samstarfi og við íþrótt- og tómstundafulltrúa, auk þess að stuðla að því að umhverfi barna og ungmenna sé eins og best verður á kosið. Mikilvægt er að starfsfólk leik- og grunnskóla sé meðvitað um tilkynningaskyldu sína til barnaverndaryfirvalda.



Heilsuleikskólinn Suðurvellir

Leikskólinn er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar einstaklinga. Hann gegnir því lykilhlutverki við forvarnir og hefur mikil mótandi áhrif á bæði foreldra og börn. Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími náms og þroska.

Markmið:

Að efla alhliða þroska barna, veita þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og stuðla að öryggi þeirra og vellíðan.

Það gerum við með því að:

- ▶ Leikskólinn sinni forvarnarstarfi með því að stuðla markvisst að velferð barna
- ▶ Leikskólastarfið miði að því að styrkja sjálfsmynd barna, efla félagsfærni þeirra og sjálfstæði
- ▶ Leikskólinn stuðli að því að venja börn strax í barnæsku við heilbrigða lífshætti með það að markmiði að þeir verði hluti af lífsstíl þeirra til framtíðar
- ▶ Kenna börnunum að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu
- ▶ Grípa til viðeigandi ráðstafana ef þörf krefur þannig að öll börn fái sem best notið sín miðað við þroska og þarfir
- ▶ Eiga gott samstarf við foreldra og leggjum okkur fram við að efla þá og veita þeim stuðning í foreldrahlutverkinu
- ▶ Eiga gott samstarf við Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, félagsþjónustu, lögreglu og Brunavarnir Suðurnesja
- ▶ Vinna markvisst gegn einelti
- ▶ Vinna ýmis sérverkefni sem hafa það að markmiði að fræða börnin, s.s. umferðarvika/hjóladagur – öryggisbúnaður, þetta eru mínir einkastaðir – að setja mörk í samskiptum

Stóru-Vogaskóli

Forvarnarfræðsla er mikilvægur þáttur í skólastarfinu og kveðið er á um hana í Aðalnámskrá grunnskóla. Í sveitarfélaginu er í gildi skólastefna þar sem áhersla er lögð á hollustu og heilbrigði. Heilbrigði snýr að öllum hliðum einstaklingsins hvort heldur sem er andlegum, líkamlegum eða félagslegum hliðum. Skólinn starfar í takt við skólastefnu sveitarfélagsins og leggur áherslu á að forvarnarfræðslan sé í takt við skólastefnuna.

Heilbrigð sál í hraustum líkama er yfirskrift forvarnaráætlunar skólans. Hún er afrakstur þróunarverkefnis sem unnið var við skólann árið 2009. Í henni er lögð áhersla á markvissa og samfellda fræðslu um líkamlegt, andlegt og félagslegt heilbrigði. Í þeim tilgangi að gera nemendur meðvitaðri um mikilvægi þess að huga vel að félagslegri, andlegri og líkamlegri heilsu sinni.

Markmið:

- ▶ að stuðla að bættri tilfinningalegri líðan nemenda
- ▶ að stuðla að bættu líkamlegu og andlegu heilbrigði nemenda
- ▶ að styrkja sjálfsmynd nemenda
- ▶ að gera nemendur meðvitaða um mikilvægi þess að hugsa vel um líkama sinn
- ▶ að styðja nemendur í ákvörðun sinni um að nota ekki tóbak, áfengi eða aðra vímuegjafa
- ▶ að nemendum finnist áhugavert að eyða æskunni á heilbrigðan hátt án tóbaks og vímuefna

Það gerum við með því að;

- ▶ Fræða – í þeim tilgangi að gera nemendur meðvitaða um mikilvægi þess að huga vel að heilsu sinni og líðan. Styðja nemandann í ákvörðun sinni um að nota ekki tóbak, áfengi eða aðra vímuegjafa
- ▶ Beita íhlutun – í þeim tilgangi að hafa afskipti af og aðstoða nemendur í vanda. Veita nemendum og foreldrum þeirra aðstoð við að leita sér hjálpar til að takast á við vanda sem upp er kominn
- ▶ Þjálfá lífsleikni – í þeim tilgangi að stuðla að bættri líðan nemenda, þjálfá samskiptahæfni þeirra og styrkja sjálfsmynd svo þeir verði betur í stakk búnir til að taka upplýstar og ábyrgar ákvarðanir varðandi framtíð sína
- ▶ Auka foreldrasamstarf – stuðla að góðri samvinnu milli heimilis og skóla í þeim tilgangi að skapa jákvætt umhverfi fyrir nemandann
- ▶ Að fræða nemendur um skaðsemi tóbaks, áfengis og annarra vímuefna. Einnig að fræða nemendur um andlegt, líkamlegt og félagslegt heilbrigði. Fræðslan fer fram hjá kennurum og einnig eru fengnir gestafyrirlsara í heimsókn til að fjalla um ýmis málefni
- ▶ Tryggja aðgengi kennara að fræðsluefni í forvörnum. Hafa samfellda forvarnarfræðslu innan skólans og koma í veg fyrir að einstak þættir fræðslunnar falli niður með því að skipta umfjöllunarefni niður á árganga



Hlutverk félagsþjónustu

Hlutverk félagsþjónustu er almennt að skapa íbúum öruggt fjárhagslegt og félagslegt umhverfi.

Markmið:

Að styðja fjölskyldur til aukinna lífsgæða og starfa náði með öðrum stofnunum sveitarfélagsins að því markmiði.

Það gerum við með því að:

- ▶ Styrkja fjölskyldur í uppeldislutverki sínu
- ▶ Veita og taka þátt í fræðslu fyrir foreldra og starfsfólk varðandi þau mál er lúta að velferð barna
- ▶ Hlutast til um að stuðningur sé veittur inni á heimilum þegar þess er þörf
- ▶ Þjóða markvissa greiningu, stuðning og ráðgjöf fyrir börn í vanda og fjölskyldur þeirra



Hlutverk foreldrafélaga

Það þarf heilt þorp til að ala upp barn. Hlutverk foreldrafélaga er að auka samstarf á milli heimila og skóla og taka þátt í forvarnarstarfi. Þannig styðja þau við fjölskyldur í uppeldislutverki sínu.

Markmið: Að auka samstarf á milli heimila og skóla og auka vitund foreldra á eigin ábyrgð í forvarnarstarfinu.

Það gerum við með því að:

- ▶ Skapa umhverfi þar sem foreldrar geta mæst á jafnréttisgrundvelli og skipst á skoðunum og ráðum
- ▶ Hvetja foreldra til virkrar þátttöku á sviði skóla- og frístundamála
- ▶ Stuðla að aukinni fræðslu til foreldra og vera í góðu samstarfi við stofnanir sveitarfélagsins þar um
- ▶ Efla samstöðu foreldra í sveitarfélaginu til að fara að lögum og reglum sem gilda um börn og unglinga, s.s. útvistartíma, notkun tölvuleikja o.s.frv.
- ▶ Hvetja til samverustunda fjölskyldunnar
- ▶ Standa saman að því að miðla því sem gengið hefur vel
- ▶ Hvetja foreldra til að vera góðar fyrirmyndir fyrir börnin og leggja áherslu á skýr skilaboð um ólögmati neyslu áfengis hjá börnum og kaupa ekki undir neinum kringumstæðum áfengi fyrir börn.



Hlutverk frístunda- og menningarviðs

Markmið frístunda- og menningarviðs er að veita börnum og ungmennum kost á afþreyingu við hæfi óháð efnahag og félagslegri stöðu. Leitast er við að ná til sem flestra og hvetja þá til þátttöku og virkni. Að auki ber sviðið ábyrgð á að koma fræðslu til starfsmanna sveitarfélagsins og aðila innan félagasamtaka sem starfa með börnum. Framtíðarsýnin felst í að ná sem bestum árangri við uppbyggingu félagsstarfs unglunga í bæjarfélaginu, að stuðla að þróun frumkvöðla og leiðtoga, að efla einstaklinginn til þátttöku í hópverkefnum og að efla börn í ákvarðanatöku og ábyrgð á eigin gjörðum. Með aukinni áherslu á þessa þætti mótast sterkari einstaklingar sem munu geta haft áhrif innan sveitarfélagsins sem utan.

Markmið :

- ▶ Að virkja unglingana í starfi
- ▶ Kenna þeim að virða reglur, starfsemi sviðsins og umhverfi sitt
- ▶ Gefa ungmennum kost á að hafa áhrif á starfsemina og verkefnaval
- ▶ Að auka vellíðan og ánægju ungmenna
- ▶ Að leggja áherslu á að hver og einn beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
- ▶ Stuðla að jákvæðri hvatningu á milli ungmenna og frá starfsmönnum
- ▶ Að ungmenni læri að taka tillit til annarra og þarfa þeirra
- ▶ Að lögð sé áhersla á einstaklinginn; Hver og einn er sérstakur á sinn hátt

Það gerum við með því að:

- ▶ Leggja áherslu á gott samstarf við íþrótt- og félagasamtök í sveitarfélaginu
- ▶ Tryggja að starfið í félagsmiðstöðinni Borunni skipti máli fyrir einstaklinginn og samfélagið í kringum hann
- ▶ Hafa úrval afþreyinga, uppákoma og viðburða með það að markmiði að auka vellíðan og ánægju, efla þroska og auka víðsýni
- ▶ Starfa samkvæmt því að þetta er frítími unglunganna og að okkar starf felst í því að auka úrval afþreyingar og hafa afdrep fyrir þau þegar þeim hentar
- ▶ Stuðla að þroskandi tímstundum sem veita einstaklingum tækifæri til að fást við fjölbreytt og skemmtileg viðfangsefni
- ▶ Leggja áherslu á umburðarlyndi, virðingu og að taka vel á móti öllum sem vilja taka þátt
- ▶ Vinna á jafnréttis og lýðræðisgrundvelli
- ▶ Gera ungmennum kleift að verja frítíma sínum í umhverfi sem er aðlaðandi og vingjarnlegt



Íþrótt- og æskulýðsfélög

Íþróttir eru mikilvægur þáttur í þroska barna sem hefur áhrif á líkamlegan, andlegan og félagslegan þroska þeirra. Leikur barna eflir sjálfstraust, sjálfsaga og sjálfsvirðingu.

Markmiðið með starfi Þróttar er að ungmenni finni sér heilbrigð áhugamál og lífsstíl og telji sjálfsagt að sniðganga tóbak, áfengi og önnur vímuefni.

Félagið leitast við að bjóða upp á úrval íþróttagreina til þess að auka valmöguleika í íþrótt- og félagsstarfi barna og unglinga og tryggja þannig að þau fái tækifæri til að stunda íþróttir og/eða félagsstarf í samræmi við sínar þarfir, getu og áhuga án sérstakrar áherslu á keppni. Þróttur reynir eftir sinni bestu getu að stuðla að aukinni og almennari þátttöku fólks í íþrótt- og félagsstarfi. Þróttur heldur árlega forvarnardag þar sem haldin er fræðsla og umfjöllun um áhrif og skaðsemi áfengis, tóbaks og annarra vímuefna og gildi þess að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl.

Þróttur starfar eftir lögum félagsins og fylgir siða- og agareglum sem samþykktar voru á stjórnarfundum í ágúst 2011. Sjá betur heimasíðu www.throttur.net



Lögreglan

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum hefur lagt ríka áherslu á forvarnarstarf innan umdæmisins á undanförunum árum. Forvarnarstarfið er fjölbreytt og spannar alla helstu þætti er snúa að forvörnum almennt þ.e. allt frá fræðslu í leikskólum til fræðslu nemenda í framhaldsskóla og foreldrum og forráðamönnum þeirra. Lögreglan heldur fyrirlestra og kynningar bæði í leik- og grunnskólum m.a. almenna umferðarfræðslu þar sem Lúlli löggubangsi hefur oft á tíðum spilað mikilvægt hlutverk, þá sérstaklega hjá yngri vegfarendum. Í grunnskólafræðslunni er einnig um ýmsa aðra þætti að ræða svo sem fíkniefnanotkun, ábyrga netnotkun, sakhæfi, einelti, notkun skotelda og fl.

Einnig hefur lögreglan sinnt reiðhjólaskoðun bæði í leik- og grunnskólum ásamt almennu eftirliti við skólana.

Sérstök áhersla er lögð á góð tengsl og samskipti hverfalöggæslumanna við starfsmenn stofnanna, íbúa og félagsþjónustu þeirra bæjarfélaga sem þeir sinna. Í dag eiga allir hverfalöggæslumenn embættisins sæti í forvarnarteymum einhverskonar eða samráðshópum vegna barna og ungmenna vegna starfsins (t.d. Vörn og okkar hópur). Sú þróun sem orðið hefur á hverfalöggæslu hefur leitt til þess að eftirlit með afbrotapróun innan bæjarfélaga hefur verið mjög virk og lögð er áhersla á að grípa til sértækra aðgerða eftir þörfum.



